

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skaftafells 2, Freysnesi, Örafum, Sveitarfélaginu Hornafjarði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hornafjarðar, þann 27. apríl 2005, samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skaftafells 2, Freysnesi, Örafum.

Skipulagið tekur til svæðis suðvestan við þjóðveg nr. 1 framan við opið svæði til sérstakra nota og fram í Svínanes, sem liggur á milli Skaftafellsár og Svínafellsár, alls um 39,0 ha.

Greinargerð og skipulagsuppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Höfn, 25. maí 2005.

F.h. bæjarstjórnar Hornafjarðar,

Hákon Valdimarsson, byggingarfulltrúi Hornafjarðar.

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Ráðuneytið hefur úthlutað listabókstafnum V til stjórnmalasamtakanna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, og kemur hann í staðinn fyrir listabókstafinn U, sem þau höfðu áður.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 38. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. maí 2005.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um togveiðar á kolmunna 2005.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á kolmunna á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í fiskveiðilögsögu Íslands og í lögsögu þeirra landa, þar sem íslensk skip hafa rétt til að veiða samkvæmt samningum. Á árinu